

## **Reykjavíkurráð ungmenna og Borgarstjórn Reykjavíkur**

### **23. febrúar 2016**

*Kári Arnarsson, fulltrúi í Ungmennaráði Laugardals og Háaleitis*

#### Tillaga

Skóla- og frístundasvið fari í tilraunaverkefni á vorönn 2017 í sex grunnskólum í samstarfi við velferðarsvið um að bjóða unglingum upp á bætt aðgengi að sálfræðiaðstoð.

#### Greinargerð

Auðvelda þarf aðgengi að sálfræðiaðstoð fyrir ungmenni sem glíma við geðræn vandamál. Oft er það mikil fyrirstaða fyrir ungmenni að leita sér hjálpar og átta sig á því að þau þurfi hjálp. Með því að bjóða upp á tíma hjá sálfræðingum, endurgjaldslaust, í skólum hafa nemendur greiðan aðgang að aðstoð án þess að þurfa að borga fyrir það mikinn pening. Nemendur, bæði með geðræn vandamál og aðrir nemendur, ættu að hafa möguleikann á því að nýta sér þessa þjónustu. Við trúum að þetta myndi bæta líðan nemenda í grunnskólum borgarinnar og gæti reynst sem milliprep ef meiri sálfræðiþjónusta er nauðsynleg. Við viljum að skóla- og frístundasvið setji af stað nefnd sem skoðar möguleikann á að setja af stað verkefni sem snýr að því að veita sálfræðiþjónustu í skólum borgarinnar.